

Þingflokksfundur Pírata

Mánudaginn 24. september 2018, kl. 13:00 - 15:00

Nr. 4/149

Mætt

Fundarstjóri	Eiríkur Rafn Rafnsson (ERR)
Fundarritari	Baldur Karl Magnússon (BKM)
Þingmenn	Björn Leví Gunnarsson (BLG) Halldóra Mogensen (HM) Helgi Hrafn Gunnarsson Jón Þór Ólafsson (JPÓ) Smári McCarthy (SMC)

Forföll Þórhildur Sunna Ævarsdóttir var erlendis vegna þingstarfa

Gestir Jón Gunnar Borgþórsson f.h. framkvæmdaráðs
Sara Oskarsson

Fundargerð

1. Samþykkt fundargerða

Fundargerð 3/149 samþykkt.

2. Kjaramál

Fundarlið frestað.

3. Bréf þingflokksformanns

Bréf frá HM um þingstörfin framundan eftir fund með forseta og þingflokksformönnum. Rætt um hvernig ákvarðanir er teknar innan þings en utan þingfundar. Þingflokkur Pírata samþykkti samhljóða að semja ekki um annan ræðutíma um skýrslur sem eru fluttar á Alþingi en tilgreind eru í þingskaparlögum.

4. Bréf úr forsætisnefnd

Rætt um minnisblað vegna kostnaðar við hátíðarfund á Þingvöllum.

5. Dagskrá þingsins

Farið yfir dagskrá þingsins og þingvakt skipulögð. HM mun ræða við heilbrigðisráðherra í óundirbúnum fyrirspurnum. HM og HHG munu svo taka þátt í umræðum um ópíóðafarald á Íslandi.

6. Bréf úr nefndum

Bréf nefndarmanna úr fastanefndum Alþingis.

7. Skriflegt samþykki þingflokks og þingflokksformanns Pírata

Tillaga um yfirlýsingu til forseta þingsins:

Samþykki þingflokks og þingflokksformanns Pírata við tillögum forseta Alþingis eru veitt skriflega, en að öðrum kosti liggja ekki fyrir.

Tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

8. Kjördæmavika

Rætt um störf þingmanna í kjördæmaviku.

9. Fundir framundan

Skipulag á fundum framundan.

10. Trúnaðarmál

Efni dagskrárliðsins bundið trúnaði samkvæmt þingflokksamþykkt um upplýsingaskyldu við grasrót.

11. Þingleg meðferð EES-mála

SMC fræddi þingflokk um væntanlegar breytingar. Borin upp athugasemd frá HHG. Hún samþykkt samhljóða og send forsætisnefnd.

12. Önnur mál

Lagt til að kaupa barmmerki samkvæmt tilboði. Samþykkt.